



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2007
Tilvísun: UST20070600121/bs

Reynisvatnssvegur, austan Biskupsgötu. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu um 1.400 m langrar tengibrautar, Reynisvatnsvegar frá hringtorgi norðan Reynisvatns að fyrirhugaðri tengibraut norðvestan Langavatns.

Fyrirhugað vegstæði á Reynisvatnsheiði er að mestu hálfgróið grýtt mólendi sem ber merki skógræktar og frístundabyggðar. Einnig er á þessu svæði vegslóði sem liggur að mestu samsíða fyrirhuguð vegstæði.


Ekki er talið að lagning Reynisvatnsvegar muni hafa veruleg áhrif á gróðurfar og fuglalíf að áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Áhrif á hljóðvist eru talin verða undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka við reglugerð nr. 933/1999 um hávaða í fyrirhugaðri íbúðabyggð við Reynisvatnsás.


Framkvæmdasvæði er áætlað 10-15 m frá miðlínu vegar. Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem ekki er ráðgert að taka skeringar ætti að skilgreina framkvæmdasvæði eins þröngt og kostur er. Reynisvatnsvegur mun liggja um útivistarsvæði og ætti því að takamarka jarðrask utan fláfótar eins og kostur er.

Umhverfisstofnun vill beina þeirri spurningu til framkvæmdaaðila hvort ekki sé ráðist í full miklar framkvæmdir vegna lagningar Reynisvatnsvegar. Hér er frekar um gatnagerð en vegagerð að ræða. Spurt er hvort ekki mætti leggja þennan veg á hefðbundinn hátt um fyrirhugað útivistarsvæði. Með breyttu verklagi mætti ef til vill draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróður við veginn. Ásýnd vegarins myndi falla betur að skógræktar- og útivistarsvæðum ef trjágróðri við veginn yrði hlíft við raski.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að lagning Reynisvatnsvegar austan Biskupsgötu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður